

# Leiðréttum misréttið!



## 1. þing Starfsgreinasambands Íslands

Starfsgreinasamband Íslands

### - Ályktun um - - „nýtt kerfi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda á alm. markaði” -

Unnið hefur verið að hugmyndum að nýju kerfi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda á almennum markaði á sameiginlegum vettvangi aðildarsambanda ASÍ í viðræðum við SA. Þessar hugmyndir hafa verið og eru til ítarlegrar kynningar innan Starfsgreinasambands Íslands og eru nú til umfjöllunar hjá aðildarfélögum sambandsins, með það að markmiði að þær hljóti formlega umfjöllun.

Þing Starfsgreinasambands Íslands fagnar þessum hugmyndum sem jákvæðu og mikilvægu framlagi til jöfnunar á veikindarétti félagsmanna aðildarfélaga sambandsins og einu mikilvægasta framfaraspori veikinda-, slysa- og örorkuréttinda á almennum vinnumarkaði um langt skeið. Hugmyndirnar gera ráð fyrir að tryggja á markvissan hátt bæði bætt kjör þeirra sem lenda í áfalli sem og betri starfsendurhæfingu en áður hefur þekkt hér á landi. Komi þær til framkvæmda munu þær auðvelda þeim sem forfallast frá vinnu vegna veikinda eða slysa, endurkomu á vinnumarkaðinn að hluta eða öllu leyti. Mikilvæg aðkoma sjúkrasjóðanna mun styrkja skipulag verkalýðshreyfingarinnar og efla tengsl þeirra við sína félaga. Síðast en ekki síst mun aukin árangur af endurhæfingu létta örorkubyrði lífeyrissjóðanna, sem aftur leiðir til hærri eftirlaunagreiðslna félagsmanna.

Þingið hvetur aðildarfélög sín til þess að styðja hugmyndirnar til nánari útfærslu .